



Síminn hf.
Kristinn Einarsson
Ármúli 25
108 Reykjavík

2009020010

3.31.014

03. febrúar 2009

Málefni: Nýtt viðmiðunartilboð um samtengingu talsíma

Póst- og fjarskiptastofnun barst þann 30. janúar s.l. nýtt viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta, með gildistöku frá 1. maí 2009.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2007, voru m.a. gerðar nokkrar breytingar á þágildandi viðmiðunartilboði Símans, útgáfu 3.4. Í framhaldi af þessari ákvörðun stofnunarinnar birti Síminn viðmiðunartilboðið á ný, sem útgáfu 3.4.A, þar sem breytingar Póst- og fjarskiptastofnunar höfðu verið settar inn.

Samtenging talsímaneta og þar með útgáfa viðmiðunartilboðs fellur nú undir markað 8, 9 og 10, þ.e. upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 29/2008, dags. 4. desember 2008, var Síminn hf. útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum mörkuðum og á grundvelli þess lagðar tilteknar kvaðir á fyrirtækið m.a. um birtingu viðmiðunartilboðs innan þriggja mánaða.

Hér með óskar Póst- og fjarskiptastofnun eftir að Síminn láti stofnuninni í té skriflega greinargerð um allar þær breytingar sem gerðar hafa verið frá útgáfu 3.4.A sem koma nú fram í útgáfu 3. 5. og taka eiga gildi þann 1. maí n.k., ásamt rökstuðningi fyrir umræddum breytingum. Þetta á einnig við um breytingar í viðaukunum. Umrædd greinargerð skal brotin niður eftir köflum og viðaukum viðmiðunartilboðsins þannig að auðvelt verði að rekja hvar í textanum viðkomandi breytingu er að finna.

Sérstök athygli er vakin á því að svo virðist sem láðst hafi af hálfu Símans að setja skilmála um sanngjarnar bætur þegar ekki er hægt að veita umsamið gæðastig, sbr. upptalning í kafla 2.3. í ákvörðun nr. 29/2008, á þeim atriðum sem viðmiðunartilboð skal að lágmarki uppfylla.

Þá er og vakin athygli á því að ekki er lengur að finna á neti Símans, það viðmiðunartilboð sem nú er í gildi, útgáfa 3.4.A, er þess óskað að hún verði birt á vef Símans samhliða hinni nýju útgáfu.


Þess er óskað að ofangreindar upplýsingar hafi borist Póst- og fjarskiptastofnun í síðasta lagi þann 25. febrúar n.k.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur í hyggju að senda hið nýja viðmiðunartilboð, viðauka þess og svarbréf Símans við bréfi þessu í umsögn til markaðsaðila. Þar sem um viðamikil gögn er að



ræða hefur stofnunin í hyggju að senda gögnin rafrænt í umsögn.

Virðingarfyllt,


Friðrik Pétursson